



Aðgerðaáætlun gegn einelti

Einelti

Einelti felur í sér neikvæða hegðun sem markvisst og endurtekið er beint að einhverjum sem er tiltölulega varnarlaus gagnvart gerandanum. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif á sálarlíf fórnarlambins. Foreldrar skulu alltaf taka vísbendingar eða upplýsingar um einelti alvarlega.

Skilgreining á einelti:

Í 3. gr. reglugerðar um aðgerðir gegn einelti á vinnustað, nr. 1009/2015 er að finna skilgreiningu á hugtakinu einelti. Styðjast má við sömu skilgreiningu fyrir börn enda ekki um aðra lagalega skilgreiningu að ræða:

„Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.“

Samkvæmt reglugerðinni þurfa eftirtalin atriði að koma til svo háttsemin teljist vera einelti:

1. Hegðunin er meiðandi, særandi eða niðurlægjandi fyrir þann sem fyrir henni verður og er til þess fallin að mismuna, ógna, útiloka og valda vanlíðan hjá þeim sem hegðunin beinist að.
2. Viðkomandi á erfitt með að verjast.
3. Hegðunin þarf að vera síendurtekin og standa yfir í einhvern tíma, [viku eða lengur].

Samkvæmt lögum frá 2011 ber skólum að setja sér aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum.

- Áætlunin skal ná til allrar starfsemi og alls starfsfólks skóla og skal kveða á um skyldur þess til að vinna gegn einelti með ábyrgum og virkum hætti.
- Áætlunin skal ná til allra nemenda og styrkja þá til að bera virðingu hver fyrir öðrum, sýna tillitsemi og samkennd og taka afstöðu gegn einelti.

Skólinn er, næst á eftir heimili barnsins, mikilvægasta umhverfi þess, og þar mótast meðal annars félags- og tilfinningaþroski að hluta.

Eineltisteymi

Við skólann starfar eineltisteymi sem skipað er fulltrúum stjórnenda, kennara og starfsfólks.

Eineltisteymi tryggir að allir þekki eineltisáætlun skólans og kynni hana á hverju hausti. Það eflir eftirlit innan skólans og tryggir að það sé skilvirkt. Lögð er áhersla á vitundarvakningu meðal starfsfólks, nemenda og foreldra.

Eineltisteymi: Fríða námsráðgjafi – umsjónarmaður teymisins, Jenny deildarstjóri alþjóðadeildar, Maja Sjöfn sérkennari/þroskaþjálfí, Katie sérkennari, Erna sérkennari, Casey sérkennari.



Forvarnir

Skólinn skal vinna markvisst að forvörnum með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Fræðsla til starfsmanna, foreldra og nemenda er mikilvægur þáttur forvarna.

Lýðræðislegt samstarf

Öflugasta forvörnin gegn einelti felst í því að börn læri með skipulögðum hætti að vera saman í leik og starfi þar sem lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru höfð að leiðarljósi. Fræðimenn hafa haldið því fram að til að sporna við einelti þurfi allir að tileinka sér umburðarlyndi gagnvart samferðafólki sínu, og einkum þeim sem taldir eru á einhvern hátt standa utan hins viðurkennda hóps.

Í viðamikilli sænskri rannsókn á einelti í skólum kom m.a. í ljós að einelti mælist lítið þar sem skólabragurinn einkennist af samvinnu, skapandi starfi, trausti og ábyrgð. Þar ríkja einnig sameiginleg viðhorf starfsmanna til grunngilda í samskiptum, nemendur taka virkan þátt í forvörnum og þeir ásamt starfsmönnum vinna markvisst með gildi.

Menntastefna Evrópuráðsins, Pestalozzi, hefur það að markmiði að skólar séu án ofbeldis. Þar er litið svo á að nemendur þurfi skipulega þjálfun í samvinnu og samræðu. Þannig þjálfist þeir í að tjá skoðanir sínar, hlusta, taka tillit til mismunandi hugmynda, leita lausna við ágreiningi og deila ábyrgð. Þessi færni er forsenda lýðræðissamfélags hvort sem um er að ræða bekk, skóla eða samfélagið í heild sinni. Það nægir með öðrum orðum ekki að fjalla um lýðræðislegt samstarf heldur þarf að æfa það skipulega.

Bekkjarfundir

Bekkjarfundir eru fastir í stundaskrá einu sinni í viku hjá öllum bekkjum í Landakotsskóla. Unnið er eftir ákveðnu fyrirkomulagi, fundirnir eru formfastir, kennarinn er hópstjóri og skipar stærstan þáttinn í því að halda gagnlegan bekkjarfund. Kennarar geta nálgast efni á innri vef Landakotsskóla. Ábyrgð: umsjónarkennarar

Aðrir fundir með nemendum

- Nemendaráðsfundur einu sinni viku á unglingastigi. Ábyrgð: Jennifer N. Thompson
- Fundir með skólaráði annan hvern mánuð. Ábyrgð: skólastjóri.
- Nemenda og foreldrasamtöl – sjálfsmat nemenda – einu sinni á önn. Ábyrgð: umsjónarkennarar.

Félagsfærnikennsla á yngri stigum

ART fer fram í 4.bekk ár hvert. Ábyrgð: námsráðgjafi

Félagsfærnikennsla á eldri stigum

Samskipti stúlkna – 7 bekkur. Ábyrgð: námsráðgjafi og þroskaþjálfari/sérkennari.

Kannanir – Skimanir – Einstaklingsviðtöl

Ábyrgð: umsjónarkennarar

- Líðankönnun: í 5 ára-10. bekk í október ár hvert.



Aðgerðaáætlun gegn einelti Landakotsskóla

- Tengslakönnun eftir þörfum. Tengslakönnun er mikilvægt tæki til þess að sjá hvaða nemendur eru einangraðir félagslega.

Ábyrgð: skólastjóri, námsráðgjafi og umsjónarmaður upplýsingatækni.

- Skólapúlsinn: Nemendakönnun annað hvert ár í október og mars. Foreldrakönnun, starfsmannakönnun annað hvert ár í febrúar.
- Leikskólar Reykjavíkurborgar: viðhorfskönnun fyrir foreldra barna í 5 ára bekk.

Ábyrgð: hjúkrunarfræðingur.

- Skimun um lífsstíl og líðan, einstaklingsviðtöl: spurningalisti er lagður fyrir 1., 4., 7., og 9. bekk á hverju ári.

Ábyrgð: námsráðgjafi

- Námsráðgjafi býður upp á viðtöl eftir samkomulagi fyrir alla nemendur Landakotsskóla í alþjóðadeild og íslenskudeild. Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna í þeim málum sem snerta nám, líðan og framtíðaráform þeirra. Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og trúnaðarmaður. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra.

Gæsla og öryggi nemenda

- Tryggt sé að gæsla sé fullnægjandi þar sem nemendur eru að leik og störfum s.s. í frímínútum, matarhléum, búningssklefum o.s.frv. Kennarar og aðrir starfsmenn sjá um gæslu í frímínútum, bæði úti og inni. 5 ára nemendur eru í frímínútum á öðrum tíma en eldri nemendur. Útisvæði er afmarkað með girðingu fyrir 1.-3. bekk, og innan þess eru þrjú svæði skilgreind sem einn fullorðinn starfsmaður vaktar. Útisvæði 4.-7. bekkjar er við skólann austan megin og á Landakotsstúni og þar eru skilgreind þrjú svæði sem einn fullorðinn starfsmaður vaktar. Þeir sem sinna gæslu á skólalóð klæðast merktum fatnaði svo þeir séu vel sýnilegir í misjöfnum aðstæðum og veðrum. Skólastjóri og verkefnastjóri skipuleggja gæsluna og hafa með henni eftirlit.
- Starfsmenn séu vakandi fyrir því að einelti getur komið upp og skulu vera tilbúnir til að bregðast strax við verði þeir vitni að slíku og koma upplýsingum á framfæri við viðkomandi umsjónarkennara. Ábyrgð: Allir starfsmenn.
- Lögð sé áhersla á að í kennslustundum eru nemendur á ábyrgð kennara þar til kennslustund lýkur, á þeim tíma eiga nemendur ekki að vera eftirlitslausir. Ábyrgð: Skólastjóri.

Starfsfólk

- Nýir starfsmenn fái fræðslu um stefnu skólans varðandi aga- og eineltismál, kennarar fái þjálfun í notkun bekkjarfunda.
- Haldnir séu starfsmannafundir tvisvar á vetri þar sem sérstaklega er farið yfir eineltisáætlun skólans.
- Gerð sé grein fyrir framgangi eineltismála á vinnustaðafundum og starfsmenn þannig upplýstir um hvaða vinna fer fram og hverju þarf að hafa vakandi auga með í nemendahópnum. Ábyrgð: Skólastjóri.

Foreldrar/Forráðamenn



Aðgerðaaætlun gegn einelti Landakotsskóla

- Skólinn beiti sér fyrir samstarfi við foreldra/forráðamenn, þ.e. að foreldrar/forráðamenn hvers bekkjar þekkist og kynnist í starfi með börnunum s.s. á bekkjarkvöldum. Ábyrgð: Umsjónarkennarar/Foreldrafélag.
- Forráðamenn fái upplýsingar um stefnu skólans í eineltismálum, nýir í hópnum fái fræðslu um stefnu skólans að hausti eða við upphaf skólagöngu barns. Ábyrgð: Skólastjóri.
- Foreldrar/forráðamenn skulu hafa greiðan aðgang að stefnu skólans í eineltismálum á heimasíðu skólans. Auk þess er áætlunin kynnt fyrir foreldrum á kynningarfundum á haustin.
- Forráðamönnum er bent á að vera vakandi yfir líðan, námi og félagslegri stöðu barna sinna.
- Forráðamenn nemenda skulu gæta hagsmuna barna sinna.
- Forráðamenn nemenda náði samráð við starfsfólk skóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barnanna. Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, svo sem um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagöngu þeirra, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

Aðgerðaráætlun þegar einelti er tilkynnt

1. **Grunur um einelti.** Foreldrar/forráðamenn nemanda sem grunur vaknar um að sé lagður í einelti tilkynna um það inni á heimasíðu skólans. Ef starfsfólk skólans telur sig verða vitni að því að nemandi sé lagður í einelti skal það hafa samband við umsjónarkennara nemandans eða náms- og starfsráðgjafa.
2. **Tilkynning.** Tilkynning um einelti berst náms- og starfsráðgjafa skólans sem heldur utan um eineltisteymið. Náms- og starfsráðgjafi upplýsir umsjónarkennara og þar með virkjust eineltisteymi. Teymið samanstendur af náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara nemandans, sérkennara, deildarstjóra/stjórnanda.
3. **Eineltisteymi.** Eftir að tilkynning hefur borist fer af stað aðgerðaráætlun sem er í höndum eineltisteymisins:
 - a. Starfsfólk sem kemur að nemandanum er upplýst um stöðuna, þeir sérstaklega beðnir að fylgjast með á göngum skólans, úti í frímínútum o.s.frv.
 - b. Nemendaverndarráð er því næst upplýst og tilkynning skráð.
 - c. Allir nemendur sem tilteknir eru á tilkynningunni (meintir gerendur/þolendur) eru boðaðir í viðtal ásamt foreldrum/forráðamönnum sem eineltisteymið tekur og skráir.
 - d. Tengslakannanir eru lagðar fyrir í ferlinu og niðurstöður skoðaðar, tengslakönnun er aftur lögð fyrir síðar.
4. Ef málinu lýkur ekki eftir þessa umferð verkferils þá er málið endurskoðað og ef eðli þess hefur breyst þarf að tilkynna einelti aftur á nýjum forsendum.

Ef málinu hins vegar er ekki lokið þá er ferlið endurtekið.

5. Ef málinu lýkur á þessu stigi þarf að skrá ferlið rafrænt, ljúka því formlega með því að senda gögn til nemendaverndarráðs.
6. Öllum eineltismálum skal loka fyrir lok skólaárs.